



## Á fjórða þúsund manns í Bakkagarði

Sannarlega var gleði og glaumur á 17. júní hátíðarhöldunum á Seltjarnarnesi sem voru fjölsóttari en nokkru sinni fyrr. Áætlað er að vel á fjórða þúsund manns hafi sótt hátíðina í Bakkagarði enda lék veðrið svo sannarlega við bæjarbúa og aðra gesti sem komu alls staðar að. Bros skein á öllum andlitum, þjóðhátíðargestir virtust afar ánægðir með dagskránnu og alls þess sem í boði var sem og nutu þess að spjalla og slaka á um allan garðinn.

Fjallkonan var engin önnur en Sólveig Pálsdóttir, bæjarlistamaður Seltjarnarness þetta árið. Hún steig á svið í afar fallegum skautbúningi ömmu sinnar Frú Dóru Þórhallsdóttur, forsetafrúar og eiginkonu Ásgeirs

Ásgeirssonar 2. forseta íslenska lýðveldisins. Sólveig flutti ljóðið Ísland eftir Margræti Jónsdóttur og gerði það afar vel og skilmerkilega.

Kærar þakkir góðu íbúar fyrir samveruna og fyrirmyndar framkomu á Seltjarnarnesi á 75 ára afmæli lýðveldisins. Einnig færðar þakkir til starfsmanna bæjarins sem unnu hörðum höndum við undirbúning og framkvæmd svo að hátíðarhöldin mættu ganga sem allra best fyrir sig enda gerist ekkert að sjálfu sér. Allt heppnaðist eins og best verður á kosið og Bakkagarður varð hreinn og finn nokkrum klukkutímum síðar.

*Fleiri myndir frá þjóðhátíðinni í Bakkagarði eru á bls 11.*



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Bygggarðar

Með samþykki nýs deiliskipulags til auglýsingar hefur bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar opnað leið til þess að hefja byggingu íbúðahverfis við Bygggarða.

Hugmyndir um nýtt Bygggarðahverfi fóru af stað fyrir allmörgum árum en stöðvuðust í hruninu 2008. Einnig hafa verið deildar meiningar um hvað og hvernig eigi að byggja á þessum vestasta byggingareit á Nesinu.

Með deiliskipulagi sem nú hefur verið samþykkt til auglýsingar virðist hafa náðst nokkuð góð sátt um æskilega byggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð þar sem áhersla mun lögð á minni og meðalstórar en ódýrari íbúðir. Fellur það að stefnu bæjaryfirvalda að auka fjölbreytni á meðal íbúa og mæta þannig þeim vanda sem mikil fjölgun eldri borgara umfram aðra kann að skapa.

Nauðsynlegt er að auka tekjur bæjarfélagsins sem ekki verður, ef stór hluti íbúa verður lífeyrisþegar eða fólk sem einungis greiðir fjármagnstekjuskatt. Með aukinni fjölbreytni íbúða – einkum ódýrari íbúða má gera ráð fyrir að yngra fólki fjölgi. Þá fást meiri tekjur og einnig betri nýting grunnstoða einkum á skólakerfi og íþróttamannvirkjum bæjarins.

Þá er ótalin sú mikla breyting sem verður á umhverfi á Seltjarnarnesi. Hún fellur vel að þeirri ímynd sem bæjarbúar vilja hafa. Niðurnídd verkstæðabyggð, haugar ónýtra bíla og sóðaleg umgengni sem því miður er enn að finna við Bygggarða á enga samleið með hreinu og náttúrvænu Seltjarnarnesi. Þetta er blettur á bæjarfélaginu sem bæjaryfirvöld verða að leita allra leiða til þess að hreinsa.

## Endurskipulögðu bóksafn aldraðra



Lilja, Ása og Halldóra ánægðar með vel unnið verk!

Ása Jónsdóttir, Halldóra Björnsdóttir og Lilja Sveinsdóttir hafa endurskipulagt bókasafn aldraðra við Skólabraut. Kristín Hannesar hafði nokkru áður óskað eftir sjálfboðaliðum í verkefnið. Af miklum bókaáhuga tóku þær verkið að sér og hófust handa í febrúar fyrr á þessu ári.

Flestalla þriðjudaga síðan hafa þær mætt og flokkað, raðað og grisjað þær bækur sem fyrir voru og einnig bættu þær við nokkur hundruð nýlegri bókum, aðallega kiljum sem og áhugaverðum bókum eftir íslenska höfunda – eftir því sem þær komust yfir. Tveimur hillum var bætt við svo að nýju bækurnar kæmust fyrir og nú er verkinu lokið, allar hillur merktar með tilvísun í hvað er í hverri hillu þannig að nú ætti að vera aðgengilegra fyrir fólk að finna bók við sitt hæfi. Verkið varð stærra og tók mun lengri tíma en unnt var að sjá fyrir og það er von þeirra vinkvennanna að safnið laði nú að sér fleiri lesendur en áður, þar sem auðveldara er að finna efni við hæfi hvers og eins.

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



## Magnús áfram forseti og formaður

Magnús Örn Guðmundsson var endurkjörinn forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnessbæjar með 4 atkvæðum en 2 sátu hjá. Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar var kjörinn Sigrún Edda Jónsdóttir með 4 atkvæðum en 2 sátu hjá. Annar varaforseti bæjarstjórnar var kjörinn Bjarni Torfi Álfþórsson með 4 atkvæðum en 2 sátu hjá.



Magnús Örn Guðmundsson

Bæjarráð verður einnig óbreytt. Þar eru Magnús Örn Guðmundsson formaður, Sigrún Edda Jónsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson. Varamenn eru Bjarni Torfi Álfþórsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Sigurþóra Bergsdóttir fulltrúi N-lista verður áheyrnarfulltrúi í bæjarráði. Í fulltrúaráð SSH sem er Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru Magnús Örn Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson og Sigurþóra Bergsdóttir kosin aðal- og varamenn.



## Leikskóla- og frístundargjöld hækka um 10%

Ákveðið hefur verið að hækka gjaldskrár leikskóla og frístundar um 10 prósent. Ákvörðunin var tekin á fundi bæjarráðs í síðustu viku.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar, segir gjaldskrárhækkunina vera viðbrögð við taprekstri og stóraukinni skuldsetningu bæjarfélagsins undanfarin ár. Það væri þó mun manneskjulegri pólitík að allir bæjarbúar tækju þátt í viðsnúningi bæjarins í samræmi við tekjur sínar frekar en að hækka aðeins gjöld hjá hópum í viðkvæmri stöðu – það er ungu barnafólki.

## Lokun Gróttu framlengd

Umhverfisstofnun mun framlengja lokun Gróttu á Seltjarnanesi fyrir umferð gesta en lokunin átti að ljúka 15. júlí en mun halda áfram í tvær vikur í viðbót.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt

að framlengja lokunina þar sem hætta er á verulegri röskun á fuglalífi ef svæðið verður opnað. Svæðið nálægt Gróttu, sem og Gróttta er vinsælt útivistarsvæði og því mikilvægt að bregðast við sem fyrst.

# KIRKJUBRAUT 1, SELTJARNARNES

Sölusýning verður miðvikudaginn 17. júlí kl. 18 - 19.



Domusnova fasteignasala kynnir til sölu 5 íbúðir í endurbyggðu fjölbýlishúsi á Kirkjubraut 1 á Seltjarnarnesi.

Um er að ræða 2 - 3ja herbergja fullbúnar íbúðir tilbúnar til afhendingar við kaupsamning. Sérinngangur í 3 íbúðir.

Húsið hefur verið endurnýjað að öllu leyti að innan sem utan og má því segja að um nýja eign sé að ræða. Allur frágangur er vandaður og eru engar tvær íbúðir eins.

Verð frá 39,9 - 52,9 m. kr.

Upplýsingar veitir:

Snorri Björn Sturluson fasteignasali / lögmaður í síma 699-4407 eða [snorri@domusnova.is](mailto:snorri@domusnova.is)

Skrifstofa Domusnova fasteignasölu í síma 527-1717 eða [domusnova@domusnova.is](mailto:domusnova@domusnova.is)

**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala

Nýbjálavegur 8 Kópavogi og Austurvegi 4 Selfossi - Sími 527 1717 - [www.domusnova.is](http://www.domusnova.is)

## Soroptimistar afhenta Berginu Headspace, styrk til kaupa á húsbúnaði



**Björk Hreinsdóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness, afhendir Sigurbóru Bergsdóttur, framkvæmdastjóra Bergsins, styrkinn.**

Soroptimistar á Seltjarnarnesi hafa afhent Berginu Headspace, nýju stuðnings- og ráðgjafasetri fyrir ungt fólk, styrk til kaupa á húsbúnaði.

Starfsemi Bergsins hefst í ágúst að Suðurgötu 10 í Reykjavík. Markmið þess er að bjóða upp á þjónustu fyrir ungt fólk með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt

umhverfi fyrir ungt fólk með fjölbreytta reynslu, sem óskar eftir aðstoð fagfólks.

Sigurbóra Bergsdóttir hafði frumkvæði að stofnun Bergsins Headspace og mun starfa sem framkvæmdastjóri þess. Hún missti 19 ára gamlan son sinn, Berg Snæ Sigurbóruson, árið 2016, en hann tók sitt eigið líf eftir að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi á unglingsárum.

Brugðist við kvörtun Seltíringa

## Græni tíminn á umferðarljósunum lengdur



Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa brugðist við umkvörtun bæjarstjórnarinnar á Seltjarnarnesi um þann tíma sem grænt umferðarljós logar fyrir umferð á gatnamótum Lækjargötu og Kalkofnsvegjar og Geirsgötu. Seltíringar nýta sér talsvert þessa leið til aksturs til og frá vinnu og voru óhressir með hvað stutt beygjuljós logaði fyrir umferð inn á Geirsgötuna og að langar biðraðir gætu myndast þar á álagstíma. Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar óskaði eftir svörum frá Reykjavíkurborg vegna skamms tíma sem grænt beygjuljós logar á gatnamótunum.

Lokunartími umferðarljósanna

er 90 sekúndur á annatíma á morgnana en er 75 sekúndur á öðrum tímum sólarhringsins. Græni tíminn fyrir umferð af Geirsgötu inn á Kalkofnsveg hefur verið lengdur um sex sekúndur og er nú 32 sekúndur í stað 26. Strætó hefur forgang á gatnamótunum þannig að þegar hann nálgast umferðarljósinn berast boð frá vagninum um að græna ljósið kvikni. Þetta þýðir að aðrir umferðarstraumar fá styttri tíma en það er síðan leiðrétt í næstu lotum til þess að jafna flæðið. Samkvæmt síðustu mælingu sem er frá því í janúar á þessu ári er heildarumferð um gatnamótin um 1400 bílar á klukkustund árdegis en allt að 1800 bíla síðdegis.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

**Nesfréttir Sími: 511 1188**



**KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN**

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



#### Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnur smátt annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

# „Gróttta hefur undanfarin ár verið í senn hjartað og sálin í mannlífi bæjarins“

Knattspyrnudeild Gróttu hefur nú í fyrsta sinn möguleika á að spila í efstu deild í fótbolta. Þegar þessi grein er skrifuð er meistaraflokkur karla í öðru sæti í Inkasso- deildinni, frábær árangur.

Núverandi þjálfari meistaraflokks Óskar Hrafn Þorvaldsson hefur tekið ábyrga afstöðu í vali sínu á leikmannahópi, hann hefur trú á uppbyggingu innan félagsins sjálf og að gefa ungum leikmönnum séns. Það geta verið margar leiðir að settu marki, Óskar Hrafn og hans þjálfarateymi hafa með sinni leiðtogafærni veitt þjálfun og skapað umgjörð um starfið sem er að skila árangri.

Fagleg vinna góðra manna sl. áratug þar sem langtímamarkmið eru höfð að leiðarljósi hefur svo sannarlega skilað sér í öflugu starfi karla og kvenna.

Uppbygging knattspyrnuæfinga hjá Gróttu þykir góð, menntun og gæði þjálfara og samstarf milli deilda er til fyrirmyndar. Iðkendur Gróttu byrja að æfa ung og kynnst því að keppa við jafnaldra sína fljótt.

Að mæta á völinn og sjá allt baklandið hvetja liðin áfram er alltaf einstök upplifun sem endurspeglar gleði og vonbrigði í senn eftir því hvernig leikirnir fara.

Félagið hefur undanfarin ár verið í senn hjartað og sálin í mannlífi bæjarins, veitt ungu fólki þjálfun í deildum félagsins og skapað fyrirmyndir um heilbriggt líf, samstarf og vináttu ungs fólks fram á fullorðinsár. Ekki má gleyma sjálfboðaliðunum, sem styðja við stjórnir, þjálfara og iðkendur félagsins, þeirra starf er ómetanlegt félaginu.

Það hefur verið metnaður Gróttu að bæta alla innri og ytri umgjörð starfseminnar samhliða því að mæta auknum kröfum samfélagsins – iðkenda og síðast en

ekki síst foreldra. Hefur þetta án efa aukið vægi íþróttastarfsins innan Gróttu og fest hana í sessi sem einn af hornsteinum bæjarfélagsins.

Íþróttir hafa löngum verið í hávegum hafðar í rekstri og starfsemi bæjarins og þar hefur Gróttta verið bæjarfélaginu afar mikilvægur hlekkur og hefur félagið borið hróður bæjarfélagsins víða. Nú er senn að ljúka stækkun íþróttamiðstöðvarinnar, sem gerir það að verkum að fimleika- og

handknattleiksdeildin geta æft og keppt við fyrsta flokks aðstæður.

*Þjartir tímar framundan hjá Gróttu!*

*Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.*



Ásgerður Halldórsdóttir.

## SELTIRNINGAR VIÐ LEITUM EFTIR ÞÍNU ÁLITI



**Umhverfisnefnd Seltjarnarness** veitir á hverju ári viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur, opin svæði og falleg tré.

Bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda tölvupóst á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 sem fyrst.

Með fyrirfram þökk,  
Umhverfisnefnd Seltjarnarness



SELTJARNARNESBÆR

PC og Apple  
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · [www.tolvuland.is](http://www.tolvuland.is)

# Nýtt íbúðahverfi rís á Seltjarnarnesi

- byggt á niðurstöðum lýðfræðilegrar greiningar  
- áhersla lögð á íbúðir fyrir yngra fólk og fjölbreytt mannlíf

**B**æjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt til auglýsingar nýtt deiliskipulag á Bygggarðareit á vestanverðu Seltjarnarnesi. Um nýtt íbúðahverfi er að ræða þar sem iðnaðarbyggð hefur staðið um lengri tíma. Svæðið sem byggja á er að mestu í eigu Landeyjar sem lét vinna nýtt deiliskipulag sem bæjarstjórn hefur nú samþykkt að auglýsa. Páll Gunnlaugsson og Þorsteinn Helgason arkitektar hjá ASK arkitektum hafa haft veg og vanda af skipulagi hins nýja Bygggarðahverfis. Nesfréttir settust niður með þeim félögum hjá ASK einn morgun á dögunum.

Forsvarsmenn Landeyjar ákváðu að láta fara fram lýðfræðilega greiningu á stöðu Seltjarnarnesbæjar áður en ráðist var í gerð deiliskipulagsins. Í niðurstöðu greiningarinnar kemur m.a. fram að fjöldi eldri borgara er hlutfallslega meiri á Seltjarnarnesi en í nágrennasveitarfélögunum. Ástæðan er einkum sú að húsnæði vantar fyrir ákveðna aldurshópa – einum yngra fólk. Það vantar íbúðir undir 150 fermetrum en þegar komið er yfir þau mörg tekur Seltjarnarnes hins vegar forskot. Stórar eignir eru hlutfallslega flestar á Nesinu þegar litið er til höfuðborgarsvæðisins. Á þetta hafa forráðamenn Landeyjar viljað leggja áherslu. Bæjaryfirvöld hafa sambærilega sýn og því var farið í að endurskoða deiliskipulagið í stað þess að hefja framkvæmdir á grunni gildandi deiliskipulags sem gerði ráð fyrir stærri íbúðum og meira sérþýli. Markmiðið með breyttu deiliskipulagi eru meðal



Bygggarðahverfið á Seltjarnarnesi eins og það mun líta út fullbyggt. Ráðagerði er vestast á myndinni en einnig má sjá áhaldahús bæjarins. Lengra til austurs sést til hjúkrunarheimilisins.

annars að leggja áherslu á blandaða byggð og byggja minni íbúðir fyrir ungt fólk. Einnig verður horft til þess að ný byggð bjóði upp á heilsusamlegan lífsmáta.

## Engir bílakjallarar eða lyftur spara byggingarkostnað

Páll og Þorsteinn segja að þótt markmiðið sé að byggja minni og hagkvæmari íbúðir í Bygggördum sé lóðin dýr. Hún hafi safnað á sig kostnaði í gegnum tíðina sem reikna verði inn í verð íbúðanna. En hvað má þá gera til þess að lækka byggingarkostnaðinn? „Við reynum að byggja minni íbúðir. Við reynum að vera innan þeirra marka að það

þurfi lyftur í húsin vegna þess að þær hleypa byggingarkostnaðinum talsvert upp. Við erum með færri bílakjallara og bílastæði eru að mestu á landi. Bílakjallari getur kostað allt að sjö til átta milljónir á hverja íbúð og við að sleppa þeim sparast umtalsverðar fjárhæðir. Þegar við kynntum skipulagið á íbúafundi var gert við ráð fyrir 1,4 stæði á íbúð. Þetta þótti heldur lítið og við fórum upp í 1,8 stæði á íbúð en í núgildandi deiliskipulagi er miðað við 1,9 stæði á íbúð. Flest stæðin verða ekki merkt íbúðum heldur verður um samnýtt almenningsstæði að ræða. Einu bílastæðin sem verða einkastæði eru stæði á lóðum

við einbýlishús og í kjöllumum fjölbýlishúsa við Norðurströnd.“

## Tenging við friðuðu svæðin og bæjarkjarnann


Samkvæmt nýja deiliskipulaginu er íbúðum skipt í nokkra flokka. Í fyrsta lagi er um hefðbundin fjölbýlishús að ræða sem rísa munu á jaðrinum við Norðurströnd. Þá verði byggð 10 til 11 einbýlishús með innbyggðri bílageymslu. Síðan verða byggð lítil raðhús á tveimur hæðum sem ekki verða með bílageymslu og að lokum smærra fjölbýli á tveimur til þremur hæðum. Hærra verður ekki farið meðal annars til þess að ekki þurfi



Séð yfir byggingarsvæðið við Bygggarða og í átt að Gróttu. Á myndinni sjást þau iðnaðarhús sem þar enn standa.



Tölvugerð mynd af göngustíg í Bygggarðahverfinu eins og það mun koma til með að líta út.



Þá fari nær eingöngu um hana umferð sem tengist byggðinni sjálfir en ekki utanaðkomandi. Þá megi benda á góð tengsl við stígakerfi á Nesinu sem liggja út í náttúruna og einnig við meginstíg upp á Valhúsarhæð. Sá göngustígur tengir byggðina beint við skólana og sé auðveld leið fyrir börnin til skóla og íþróttamiðstöðvar gangandi eða á reiðhjólum.

**Ekki náðst samstaða um öll gömlu iðnaðarhúsin**

Hinn nýi byggingarreitur nær vestur að Ráðagerði. Austan Bygggarða hafa flest gömlu iðnaðarhúsin nú þegar verið rifin. Enn standa nokkur iðnaðarhús vestan Bygggarða. Reynt hefur verið að ná samstöðu með lóðarhöfum þar en ekki náðst samningar um kaup. Framkvæmdum á þessum hluta Bygggarðareitsins eru því ekki á teiknborðinu eins og er. Á sumum þessara lóða standa hús sem hafa leigusamning til allmargra ára. Hverfið verður því byggt upp í áföngum og hafist handa austan Bygggarða.

Línurit sem sýnir aldersdreifingu á Seltjarnarnesi, í vesturbæ Reykjavíkur og á höfuðborgarsvæðinu sem heild. Þar sést hversu aldersdreifingin á Seltjarnarnesi er ólík aldersdreifingu í vesturbæ Reykjavíkur.



Skipulag af nýja Bygggarðasvæðinu.

að vera með lyftur í húsnæðinu. Þeir Páll og Þorsteinn segja mikla áherslu á að búa til umhverfi sem myndi ákveðna heild. Hafi eitthvað ákveðið að bjóða. Tengslin

við náttúruna séu mikilvæg og nálægðin við friðuðu svæðin. Þá hafi líka verið lögð áhersla að búa til barnvænt umhverfi. Leiksvæði eru hönnuð þannig að þau sjáist

úr eldhúsluguganum. Þannig sé brugðist við þörfum yngstu krakkanna og foreldra þeirra. Páll og Þorsteinn segja að þótt Bygggarðarnir séu umferðargata

**GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi**



# Ég hef átt gott líf

**F**lestir Seltirningar kannast við Sæma Rökk. Hann starfaði sem lögreglu- maður á Nesinu um þriggja áratuga skeið við vinsældir bæjarbúa. Þótt Sæmi gengi vaktir á Seltjarnarnesi þar af sem lögreglufulltrúi síðasta áratuginn hefur hann komið víðar við á lífsleiðinni og sinnt fjölmörgum öðrum störfum. Sæmi er lærður húsasmiðameistari og starfaði við byggingar framan af og einnig nokkuð með fram lögreglustörfum. Hann gat sér einnig snemma orð sem listamaður – einkum á sviði danslistarinnar. Síðari árin hefur hann búið að hluta á Spáni ásamt Ásgerði Ásgeirsdóttur eiginkonu sinni og þar vaknaði gamli bygg- ingameistarinn í honum að nýju. Sæmi fékk fyrir skemmstu nafni sínu breytt í Sæmi og fékk Rökk samþykkt sem millinafn. Hann kveðst snemma hafa orðið þekktur undir því nafni og margir aldrei hugsað til síns fyrra nafns. “Ég sótti um að fá nafni mínu breytt og þegar ég sótti um að fá Rökk sem millinafn gekk breytingin í geng. Ég er mjög ánægður með það.” Nesfréttir tylltu sér niður með Sæma á dögum þótt vitað væri að litríki æfi hans yrði ekki gerð skil í stuttu viðtali.

“Ég hef átt gott líf,” segir Sæmi þegar við höfðum sest niður með kaffimál í Bókasafninu á Eiðstorginu. Steinsnar frá þeim stað sem Sæmi starfaði í þrjá áratugi á lögreglustöðinni á Seltjarnarnesi sem var í Mýrahúsaskóla en síðar við Eiðstorgið. “Ég var áratug í lögreglunni í Reykjavík og síðan í 30 ár á Nesinu. Hætti ekki þar fyrr en ég varð sjötugur. Við vorum oftast tveir og skiptust á vöktum.” Þegar Sæmi er inntur eftir hvernig hafi verið að hætta fyrir jafn starfsaman mann verður hann fljótur til svars. “Ég var fljótur að finna mér eitt og annað að gera. Ég hafði alltaf unnið að fleiri viðfangsefnum með lögreglustarfinu. Ég er lærður húsasmiður og byggingameistari og fékkst alltaf eitthvað við störf tengdum byggingum. Ég var meistari við margar byggingar á höfuðborgarsvæðinu. Þótt ég stæði ekki alltaf sjálfur með hamarinn í hendinni þá fylgdu því ýmsir snúningar. Meistarinn var sá sem bar ábyrgð á verkinu og varð því að fylgjast vel með og gæta þess að rétt væri að öllu staðið. Ég tók að mér að



Sæmi Rökk og eiginkona hans til áratuga Ásgerður Ásgeirsdóttir heima í stofu á Aflagrandu 40.

vera byggingameistari fyrir félagi mína í lögreglunni og ég var meistari fyrir Árna Johnsen þegar hann var að byggja í Efra Breiðholtinu svo dæmi séu tekin.”

Sæmi starfaði um tíma við Búrfellsvirkjun. Segir það hafa komið meðal annars til af því að hann hafi lært ensku. “Ég vann fyrstu þrjú árin í náminu við smíðar á Keflavikurflugvelli en síðasta árið í bænum. Erlendir menn voru að störfum við Búrfell og það hefur eflaust mælt með mér að geta talað við þá. En svo var mér boðið að vera meistari við byggingu Kópavogsbrúnna – þeirra sem liggja yfir gjána í gegnum Kópavogshálsinn og Reykjanesbrautin fer eftir. Kópavogsbær byggði brýrnar og ég sá um þá framkvæmd sem byggingameistari.”

## Hálfur bjór vegna misskilnings

En af hverju fór Sæmi í lögregluna. Hann segir þegar brúarsmiðinni í Kópavogi lauk hafi hann verið búinn að segja starfi sínu hjá Landsvirkjun lausu og hafi þurft að huga að fá sér eitthvað að gera. “Mér hafði verið lofað að starfa sem byggingameistari við byggingu tveggja átta hæða

blokka við Engjahjalla í Kópavogi en byggingu þeirra var frestað um eitt ár. Það var of langt fyrir mig að hafa ekkert að gera í svo langan tíma. Þá var auglýst eftir mönnum í lögregluna og ég var einn af 113 sem sótum um og átta voru teknir inn. Ég hafði þó ekki hugsað um að gerast lögreglu maður en alltaf borið virðingu fyrir lögreglunni og störfum hennar. Ég vildi þó fremur fara í lögregluna en þurfa að flýja land í atvinnuleit og ég fékk góð meðmæli bæði fyrir prúðmennsku og annað. Ég hef heldur aldrei drukkið áfengi. Eini bjórinn eða öllu heldur hálf bjórinn sem ég hef drukkið fór ofan í mig þegar ég var að nálgast sjötugt. Það varð vegna misskilnings. Þetta var í Kaupmannahöfn. Ég ætlaði að kaupa áfengislausan bjór eða pilsner en var misskilinn og fékk drykk með prósentum. Danir eru ekki vanir að fólk drekki bjór án áfengis. Ég lét mig hafa þetta. Áhrifin urðu engin og ég hef ekki áformað að endurtaka þessa drykkju.”

## Þar fór jólasteikin

Sæmi varð fljót þekktur fyrir störf sín í lögreglunni. Einkum vegna glaðvæðar, ljúfmennsku og lagni að fást við fólk sem átti í einhverjum erfiðleikum eða útistöðum. “Ég vissi

ekki alveg hvernig lögreglustarfið myndi eiga við mig þegar ég byrjaði. En það átti betur við en ég hafði gert ráð fyrir. Þarna var maður oft að vinna í návígi við fólk í ýmsu ástandi og miklu gat skipt hvernig tekið var á málum. Stundum lenti ég í því að fást við heimilisofbeldi. Ég man eftir einu dæmi á Seltjarnarnesi þar sem húsbóndinn gat verið erfiður þegar hann smakkaði áfengi. Ég var eitt sinn kallaður að heimili þeirra hjóna þar sem eitthvað hafði skorist í odda með þeim. Líklega vegna drykkju hans og afleiðingum hennar. Ég fann fljótt að innst inni þótti hjónunum vænt hvoru um annað en höfðu ekki náð að leysa úr vanda sínum. Ég ræddi við þau og ég man að ég skammaði bóndann og sagði honum að hann yrði að taka á sínum málum. Ég hvarf síðan á braut en um jólin eftir fékk ég send blóm frá þessum hjónum með þeim orðum að ég hefði bjargað hjónabandi þeirra. Það er alltaf gaman ef maður getur látið gott af sér leiða. Ég var heldur aldrei sektarglaður og gætti þess jafnan að gera ekkert sem komið gæti óorði á lögregluna. Ýmsir kollegar mínir gátu verið fljótir að taka sektarblokkina upp en mér fannst meiru skipta að fá fólk til þess að láta af vafasamri hegðum



eða því sem ekki samrýmdist lögum. Þegar ég var á Miðbæjarstöðinni í Reykjavík þá fannst mér stundum eins og félagar mínir væru í keppni um hver gæti sektað mest. Ég vildi ekki ganga of langt í að sekta fólk. Stundum var hægt að koma skilaboðum fram með öðrum hætti. Ég minnst þess að einhverju sinni þegar ég var á eftirlitsferð kom ég auga á ökutæki þar sem mér fannst að aksturslagið mætti vera betra. Ég ákvað að stöðva bílinn og ræða við ökumanninn. Þetta reyndist vera eldri maður. Hann var á leið í jarðarför vinar síns en eiginkonan var veik heima og gat ekki farið með honum. Hann baðst afsökunar ef hann hafi farið ógætilega eða valdið hættu. Ég minntist á að þetta gæti leitt til sektar en þá vöknadi honum um augum og sagði “þar fór jólasteikin”. Ég skynjaði að þetta fólk hafði lítið á milli handa og sagði við hann að þetta leystum við bara með föðurlegri áminningu. Við skildum sáttir og ég vona að gömlu hjónin hafi borðað jólasteikina sína með bestu lyst.”

### Margir söknuðu lögreglustöðvarinnar

Samskipti Sæma við ungu kynslóðina á Seltjarnarnesi vöktu oft athygli. Hann hafði lag á að ná til kakkanna. “Þegar ég var á Nesinu var ég oft að skutla krökkum heim um leið og maður var að rúlla um bæinn. Einkum á kvöldin. Stundum gaf ég þeim föðurlegar ábendingar og yfirlestur ef mér þótti ástæða til. Ég man varla til þess að því væri illa tekið. Foreldrar voru líka stundum að hringja í mig og láta í ljós ánægju með hvernig ég nálgadist ungmennin og Sigurgeir Sigurðsson sem var bæjarstjóri á Nesinu um hálfan mannsaldur bauð mér eitt sin í kaffi og ræddi meðal annars um hversu þolinmóður ég væri við unglíngana.” Sæmi segir að margir hafi saknað þess þegar lögreglustöðin á Seltjarnarnesi var lög niður í tengslum við að lögregluumdæmi voru sameinuð. “Þetta var hluti af stærri breytingu en margir höfðu efasemdir um hana.”

### Kraftaverk eftir slys

Sæmi segir að fá alvarleg atvik hafi komið komið á sitt borð þá áratugi sem hann sinnti löggæslu á Seltjarnarnesi. Ég man að ég átti stundum í nokkru stríði við stráka sem söfnuðust saman við Nesval. Þeir voru í stríðnisstuði og áttu stundum til að hnupla vörum úr búðinni. Þeir gátu verið með allskyns brellur sem ekki voru litnar hýru auga. Ég bendi verslunareigendum á að reyna heldur að gera strákana að vinum



**Margir heimsóttur Sæma og Ásgerði á 80 ára afmæli hans fyrir tveimur árum. Hér eru þau með dótturdóttur sinni, Ásu Egilsdóttur tveimur dætrum sínum, Theodóru S. Sæmundsdóttur og Örnur Sigríði Sæmundsdóttur.**

sinum en að vera í stöðugi stríði við þá. Það espaði þá bara enn frekar upp. Ég slasaðist þó eitt sinn þegar ég var að elta strák sem hafði verið að stela úr búðinni. Ég rann undir hann á hlaupunum. Hann varð að styðja mig inn sjálfur búðarþjófurinn og ég varð að fara upp á Slysó og láta líta á mig. En þetta var ekki það eina sem kom fyrir mig. Ég slasaðist eitt sinn alvarlega í störfum mínum á Seltjarnarnesi. Ég var þó ekki í átökum við búðarþjófa eða aðra lögbrjóta heldur einfaldlega mikið rok sem reið yfir í febrúar 1982. Það var hringt í mig af Selbrautinni þar sem þakplata sem fokið hafði af húsi hafði bortið nokkra glugga. Ég fór á staðinn. Þurfti þó ekki að fara upp á þak því platan hafði skorðast við stein. Þetta var stór krossviðarplata – líklega 2,40 x 1,22 og hálfTomma að þykkt. Ég var að fást við plötuna og reyna að skorða hana þegar sterk vindhviða koma og reif hana af stað. Ég stökk á plötuna og ætlaði að reyna að stöðva að hún fyki af stað á ný en við það tókst ég á loft með henni og fauk allt að 12 til 14 m hæð yfir jörð. Ég sá vel ofan á þökin á húsunum meðan ég var á lofti. En þessi flugferð endaði illa. Ég fell 12 metra niður í frjálsu falli. Ég slasaðist illa. Það skemmdust þrjár þófar í bakinu og í fyrstu var vafi um hvort ég myndi geta gengið að nýju. Rögnvaldur Þorleifsson sá ágæti læknir tók á móti mér þegar ég kom á Slysó eftir fallið og síðar gerði síðan aðgerð á bakinu á mér sem heppnaðist svo vel að ég tel að um kraftaverk hafi verið að ræða.”

### Of villtur fyrir ballet

Sæmi kom víðar við á lífsleiðinni. Um tíma rak hann nuddstofu á Hótel Loftleiðum og nuddað þá meðal annars íþróttamenn. “Ég var með

stofuna í sjö ár og það komu margir til mín. Ætli sá þekktast hafi ekki verið breski knattspyrnumaðurinn George Best.” Sæmi var þó öllu þekktari fyrir annað en nuddið. Hann var þekktur dansari um áratuga skeið. Kom víða fram og sýndi dansatriði við hin ýmsu tækifæri. En hvað varð til þess að hann fór að dansa og gerði dansíþróttina að aukastarfi. “Það má rekja til þess að ég sótti fimleikatíma í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Þetta var rétt hjá Þjóðleikhúsinu og ég var stundum að fara þangað yfir. Þar kynntist ég Helga Tómassyni dansara og ballettmeistara. Við erum á líkum aldri og vorum þarna þegar við vorum unglíngar. Ég hafði alltaf haft gaman af dansi en fann þó fljótt að ballettinn átt ekki alveg við mig. Ég hef trúlega verið of villtur og ekki átt hægt með að lúta ströngum kröfum og reglum ballettsins. En ég hélt áfram að dansa þótt ég fyndi mér annan stíl. Ég var rokkmeistari Reykjavíkur og átti nokkra dansfélaga sem sýndu með mér á þeim tíma sem ég stundaði danssýningar. Sumir þeirra störfuðu lengi með mér. Jónína Karlsdóttir sem var þekkt undir nafninu Didda og Elínborg Snorraddóttir eða Lóa störfuðu lengst með mér. Halldóra Filippusdóttir, kona Árna Johnsen var í þessu um tíma og fleiri hlupu í skóðin.”

### Hélt mig alltaf innandyra “í þeim skilningi”

En var ekki erfitt fyrir glaðværan mann sem stundaði margskonar störf og þar á meðal að sýna dans að halda sig heima ef svo má komast að orði. “Nei – ég hét mig alltaf innandyra í þeim skilningi. Við hjónin kynntumst fyrst þegar konan var 16 ára og ég 21. Hún

var of ung til að giftast en þegar hún var 17 ára fékk hún sérstakt leyfi því konur máttu giftast 18 ára og karlar 21 á þeim tíma. Við höfum átt gott hjónaband. Ég hef þekkt menn sem áttu sér ýmsar konur. Voru með hjákonur sem þeir fóru með í sumarbústaði eða á hótél utan borgarinnar. Flugmenn gátu verið nokkuð drjúgir í þessu og ýmsir fleiri.”

### Fenginn til að passa Bobby Fischer

Sæmi kynntist Bobby Fischer betur en flestir ef nokkur Íslendingur. Hann var hreinlega fenginn til þess að passa hann meðan á skákeinvígi hans og Boris Spasski stóð sumarið 1972. Hvað koma til. “Ég var beðinn um þetta. Fischer var mjög sérstakur og gat verið uppátækjasamur. Menn vissu aldrei hvar hann höfðu hann. Forysta Skáksambandsins var á nálum um hvernig málin myndu þróast. Hvort hann stæði einn daginn upp og segðist hættur eða eitthvað óvænt myndi gerast. Ég fylgdi honum eftir dag og nótt þennan tíma og ég held að við höfum náð nokkuð vel saman. Alla vega tókst þetta og hann vann einvígið eins og marga rekur minni til. Saga hans er þekkt og hann kom aftur hingað til lands þegar fokið var í flest skjól fyrir honum og átti hér sína síðustu daga.”

### Fékk ástúð á Spáni

Komum aðeins að Spáni af hverju valdir þú Spán til dvalar á síðara aldursskeiðinu ef svo má að orði komast. “Ég var búinn að skemmta Íslendingum þar ytra í meira en 20 ár. Bæði á vegum Guðna í Sunnu og Ingólfs í Útsýn. Var að stundum með Hljómsveit Ingimars Eydal og Helenu sem kom út til þess að spila fyrir landann. Ég fékk smám saman ástúð á Spáni en var alltaf í svo mikilli vinnu að ég hafði engan tíma til að sinna þessu áhugamáli. Svo var það árið 1992 að ég fór út gagnert til þess að skoða húsnaði og festi þá kaup á 80 fermetra húsi með sundlaug. Þarna var upphafið og ég er nú búinn að eiga þetta hús í 27 ár. Fyrir 12 árum kom gamli byggingameistarinn upp í mér og ég réðst í að stækka húsið um 100 fermetra í 180 fermetra hús. Algengt er að hlaða hús og múra á Spáni en ég er sjálfur trésmiður þannig að ég fékk tilboð í bygginguna. Ég gerði þó margt sjálfur einkum við tréverkið. Mér finnst þetta orðin algjör höll alla vega miðað við það sem maður ólst upp við. Ég kann mjög vel við mig þar og börnin og barnabörnin njóta þess með mér.”

**HUMBAUR**

**Kerrurnar  
frábæru frá  
Humbaur eru  
til á lager!**

**Startrailer 1280**

750 kg. Mál: 205x109,5x30 cm.  
Verð: 121.888 kr. án vsk.

**Gerð 1376**

Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.  
Verð: 169.355 kr. án vsk.

**Gerð 1374**

Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 201.612 kr. án vsk.

**Gerð 1384**

Sturtanleg.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 229.839 kr. án vsk.

**Gerð 1339**

Opnanleg að framan.  
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 350.807 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Gerð 2331**

Opnanleg að framan.  
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 431.452 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Flatvagnar**

Ýmsar gerðir og stærðir,  
frá 2000 kg. 3.1x1.65m.  
Verð kr: 444.000 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.  
Heimasíða: www.topplausnir.is

# „Eitt gíg“ ljósleiðari tengdur inn á öll heimili á Seltjarnarnesi

Gagnaveita Reykjavíkur lauk nýverið við að uppfæra alla viðskiptavinum sína á Seltjarnarnesi yfir á Eitt gíg netbúnað. Nú er svo komið að á næstu vikum eru síðustu heimilin í þéttbýlinu í Hafnarfirði og Garðabæ að tengjast Ljósleiðaranum og eru þá öll heimili í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu orðin tengd við Ljósleiðarann.

Seltirningar hafa sjálfsagt tekið eftir því á undanförmum árum að Gagnaveita Reykjavíkur hefur unnið að því hörðum höndum að tengja ljósleiðarakerfi inn á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu. Seltirningurinn Hafdís María Kristinsdóttir er hluti af því teymi sem tengir heimili innanhúss við Ljósleiðarann í svokallaðri Einni heimsókn. „Ég er uppalin hérna á Nesinu og bý þar enn en ættaróðalið okkar heitir Bakkavör en þar bjugga afi minn og amma, Garðar og Jóhanna og amma býr þar reyndar enn. Var ég ein af þeim fyrstu á höfuðborgarsvæðinu að fá mér Ljósleiðarann þegar heimili á Seltjarnarnesi voru tengd við hann árið 2007. Fyrsta ljósleiðaratengingin sem við fengum hérna var 30 Megabit á sekúndu en núna bjóðast öllum heimilum á Seltjarnarnesi 1000 Megabit svo hraðinn sem er í boði eykst í takt við þarfir íslenskra heimila.“

## Ánægja í starfinu

“Það veitir mér mikla ánægju í starfinu að tengja heimili við besta mögulega netsamband sem sem völ er á. Eitt gíg er ótrúlega hraðvirk og stöðug tenging sem ræður leikandi við alla þá notkun sem er á íslenskum heimilum, allt hökt á sjónvarpi og streymisveitum heyrir sögunni til. Galdurinn við Eina heimsókn Ljósleiðarans er sú að við tryggjum að allt virki áður en við yfirgefum heimilin, við gerum til dæmis hraðamælingar og prófum allan búnað til að vera viss að fólk upplifi gæðasamband Ljósleiðarans strax frá fyrsta degi, segir Hafdís María“

## Einfalt fyrir íbúa

Enginn kostnaður er við að tengja Ljósleiðarann alla leið, eingöngu er greitt svipað mánaðargjald og heimilin hafa verið að greiða áður í svokallað línu gjald. Hvernig virkar þetta svo þegar þið eruð búnir að tengja Eitt gíg ljósleiðara



Seltirningurinn Hafdís María Kristinsdóttir er hluti af því teymi sem tengir heimili innanhúss við Ljósleiðarann í svokallaðri Einni heimsókn

við öll heimili í Seltjarnarnesi - hvað gera íbúar þá - fer þá eitthvað flókið kerfi í gang? “Reynt er að hafa þetta sem allra einfaldast fyrir íbúa. Viðskiptavinur pantar bara þá þjónustu sem honum hugnast hjá sínu fjarskiptafélagi en söluaðilar Ljósleiðarans eru Nova, Vodafone, Hringdu og Hringiðan. Við komum síðan og tengjum allt innanhús – íbúum að kostnaðarlausu.“ Þetta fyrirkomulag kallast eins og áður segir Ein heimsókn, sem sagt allt tengt í einni heimsókn. Þetta ferli hefur fengið mikið lof og ánægju meðal viðskiptavina. “Ég vil hvetja alla til að prófa að tengjast Ljósleiðarann sem hafa ekki gert það nú þegar og upplifa Eitt gíg á sínu heimili.“

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS****ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR****Hafðu samband****Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



**f** Finndu okkur á  
**Facebook**

## Hjólaskýli í stað Skaraskúrs?

Frestað hefur verið afgreiðslu tillögu Samfylkingarinnar um að að byggt verði gott skýli hjól við Íþróttamiðstöð Seltjarnarness.

Skýlið þarf að veita hjóllum öruggt og gott skjól meðan íbúar og aðrir gestir njóta hreyfingar. Staðsetning hjólaskýlisins kæmist vel fyrir í stað söluskálans við Sundlaugina sem nú hefur verið rifinn. Fjöldi bílastæða á svæðinu er gríðarlegur en nægir þó ekki á álagstímum. Gott og öruggt hjólaskýli hvetur til umhverfisvænna og heilsueflandi fararmáta fyrir gesti Íþróttamiðstöðvarinnar.

## Myndir frá 17. júnihátíðinni á Seltjarnarnesi



# MotorMax Smurstöð

## Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímapantanir!



Motormax ehf  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með  
háægða **MOTUL** olíum.

# Fjölmenni í Jónsmessugöngunni

Fjölmenni var í Jónsmessugöngunni sem haldin var mánudaginn 24. júní sl. Þar sem genginn var þægilegur hringur um náttúruperluna í Suðurnesjunum. Gangan hófst við Hákarlaskúrinn við Norðurströnd þar sem boðið var upp á hákarl og brennivín áður en lengra var haldið.

Síðan var staðnæmst við fiskitrönnurnar og lögguhliðið sem hafa verið endurbætt. Þar sagði Guðmundur Jón Helgason betur þekktur sem Jónni sögu þeirra og frá fleiri markverðum stöðum á leiðinni auk þess að sýna hvar

æskuheimili sitt þar sem hinn sögufrægi Nýibær stóð. Því næst lá leiðin að Nesstofu þar sem að hjónin Haraldur Jóhannsson eða Halli í Nesi og Fjóla G. Friðriksdóttir sögðu m.a. frá tíma sínum þar en Halli ólst upp í Nesstofu og þar byrjuðu þau hjónin að búa auk þess sem Ólöf, móðir Haraldar var síðasti ábúandinn í Nesstofu. Jónsmessugöngunni lauk svo á nýja torginu við hjúkunarheimilið Seltjörn þar sem að boðið var upp á veitingar frá hitaveitunni og Bjarki Harðarson spilaði skemmtileg lög á harmonikkuna sem allir gátu sungið

við. Göngugestum bauðst einnig að skoða dagdvöl hjúkunarheimilisins þar sem Kristján Sigurðsson stjórnandi sagði frá því hvernig

gengur á heimilinu. Að síðustu var gengið upp á þakið þar sem hægt er að njóta útsýnis í allar átti og þar lauk Jónsmessugöngunni.



## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### Veisluhöld

Mikið fjör hefur verið í félagstarfi eldri bæjarbúa í sumar og dagskráin verði þétt. Í lok júní var haldin sumargleði þar sem grillaðar voru pylsur, dansað og



sungið en þau Lilja Björk og Bóas tóku lagið með okkur. Veisluhöldin voru á Skólabraut en mæting fór fram úr okkar björtustu væntingum. Konurnar í handavinnuhópnum fóru einnig út á lífið í júní, þær fóru út að borða í golfskálanum.

### Ungur temur gamall nemur

Í sumar hefur farið fram snjallsíma og spjaldtölvunámskeið á Skólabraut þar sem ungir bæjarbúar kenndu þeim eldri á snjalltæki. Yfir 20 manns mættu á námskeiðin en bætt var við kennsludögum vegna eftirspurnar. Á námskeiðunum var farið yfir hvernig hægt væri að hringja, senda smá skilaboð, facebook, snapchat, og hvernig ætti að taka sjálfu svo eitthvað sé nefnt.

### Harmonikkuball

Ungmennaráð Seltjarnarness hefur síðustu 9 ár staðið fyrir harmonikkuballi í júlí við smábátahöfnina á Seltjarnarnesi. Á hverju ári hefur verið mikil gleði og ballið tekist með eindæmum vel. Brúað hefur verið ákveðið bil milli kynslóða þar sem fólk á öllum aldri hefur mætt og skemmt sér vel saman. Harmonikkuballið verður haldið í ár með sama hætti og áður þann 18. júlí við smábátahöfnina milli 15:00 og 17:00.

### Fastir dagskráliðir

Í hverri viku er ýmislegt í gangi í félagstarfi eldri bæjarbúa eins og boccia, pútt, bingó, spil og síðan er kaffispjallið alltaf á sínum stað. Félagstarfið er aðgengilegt öllum og hvetjum við bæjarbúa til þess að hafa samband hafi þeir einhverjar fyrirspurnir.

# Sprengfullir haugar heimsins!

Ástand urðunarstaða er yfir þölmörkum fyrir landið í heild. Samanlagt magn sem farga má samkvæmt starfsleyfum og afkastagetu urðunar- og brennslustaða er í dag 177.800 tonn. Við erum þegar komin upp í 176.600 tonn og nýtingin því 99%. Ef færa á ástandið í dag niður fyrir þölmörk (85% nýting leyfa) þá þurfum við að finna 25.500 tonnum af sorpi annan farveg, til viðbótar við þau 116.000 tonn sem er áætlað viðbótarmagn sorps vegna fólksfjölgunar næstu 10 árin.

## Erum bókstaflega að drukkna í rusli!

Yfirfullir urðunarstaðir eru ekki bara vandamál á Íslandi. Á hverjum degi fyllir óflokkað rusl frá borgum jarðar röð af öskubílum, sem er allt að 5000 km á lengd, eða ca. vegalengdin frá Seltjarnarnesi til Tel Aviv. Vesturlandabjóðir hafa margar "leyst" úr sínum málum með því að senda sorp sitt til minna þróaðra ríkja. Þekktasta dæmið eru 1.500 tonn af rusli sem Filippseyksk yfirvöld sendu til baka til Kanada, eftir að rusl merkt endurvinnanlegt plast reynist blandaður og óendurvinnanlegur úrgangur. Kínverjar hafa nú lagt blátt bann við innflutningi á erlendu sorpi og Malasía fylgt fordæmi þeirra, en til viðbótar gættir vaxandi óþols í öðrum löndum Asíu og Afríku.

Þá hefur mikið magn rusls endað í sjónum en alls hafa samtals fimm plasteyjur verið skilgreindar á floti í Kyrrahafi, Indlandshafi og hér í norðanverðu Atlantshafi. Sú stærsta er sögð vera á stærð við Texas eða um sjöfalt stærri en Ísland. Plasteyjurnar í höfunum stækka ár frá ári og áætlað er að árlega bætist við 7-10 milljónir tonna en 80% af plastinu má rekja til starfsemi á landi samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna.

## Þokumst við áfram eða aftur á bak?

Íbúar á Seltjarnarnesi lögðu um síðust aldarmót fram metnaðarfulla framkvæmdaráætlun fyrir bæinn er varðar flokkun sorps og endurvinnslu,

í Staðardagskrá 21. Í dagskránni segir að árið 2020 skuli óflokkað rusl til urðunar hafa minnkað um a.m.k. 40% miðað við árið 2000. Endurnýtingarhlutfall sorps frá heimilum og fyrirtækjum skuli að sama skapi hafa náð a.m.k. 75% hlutfalli. Þessi ósk er ítrekuð í niðurstöðum íbúapings um umhverfismál sem haldið var árið 2013 þar sem íbúar skilgreindu það sem forgangsmál til næstu fimm ára að fara alla leið í endurvinnslu.

Samkvæmt upplýsingum frá SORPU eykst heildarmagn úrgangs frá Seltjarnarnesi hinsvegar ár frá ári, var um 1.700 tonn árið 2015 og um 2.000 tonn árið 2018, eða um 445 kíló á hvern íbúa. Þó hefur íbúum um nokkurt skeið staðið til boða að flokka pappír, og málm í lausu við heimili sín og að skila pappír, plasti og gleri í grenndargám. Enn fer þó rúmlega helmingur alls úrgangs í urðun.

## Tilraunir Seltjarnarnesbæjar

Árið 2016 setti SORPA og Seltjarnarnesbær af stað tilraunaverkefni um vélræna flokkun plasts frá blönduðum úrgangi í grárru tunnu en markmiðið var að auka magn plasts sem skilar sér í endurvinnslu í 15 kg per íbúa. Skemmst er frá því að segja að magnið fór úr 1,7 tonni á árinu 2015 eða 0,4 kíló á íbúa (úr grenndargámi) í 11,3 tonn árið 2017 eða 2,5 kíló á íbúa (úr grenndargámi og vélrænni flokkun). Í mars 2018 tóku Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær einnig upp vélræna flokkun plasts en upp frá því hefur ekki verið hægt að aðgreina magnið af plasti eftir sveitarfélögum. Í Reykjavík safnast á sama tíma um 5,2 kg af plasti á íbúa en þar hefur plasti verið safnað í sér tunnu við heimili síðan haustið 2015.

Flokkun plastefna í sér tunnu felur í sér meiri vitundarvakningu en þegar plastinu er blandað saman við annan úrgang, hún hefur áhrif á heildarmagn úrgangs og er því einnig forvörn í sjálfru sér. Við þetta styður rannsókn Evrópusambandsins frá 2015 á árangri mismunandi söfnunarleiða í 28

höfuðborgum sem sýnir að með söfnun í sér tunnu næst að meðaltali 9 kg á hvern íbúa af plasti til endurvinnslu og allt upp í 32 kg. Þegar plasti er safnað með öðrum úrgangi er söfnunin mest 12 kg.



Karen María Jónsdóttir.

## Seltirningar og Samfylkingin til forystu

Sorp snýst um lífsstíl og hegðun, um neyslu og daglegt líf fólks, þar með talið á Seltjarnarnesi. Yfirfullir sorphaugar eru ekki vandamál "hinna" heldur umhverfis-, félags- og efnahagslegt mál sem við öll þurfum að takast á við í sameiningu. Það gefur augaleið að fjölgun urðunarstaða er ekki sjálfbær leið, né heldur sú að auka árlegt magn úrgangs sem hægt er að farga. Við þurfum langtímaáætlun um þróun samfélagsins á þessari öld sem snýst um ápreifanlegar aðgerðir.

Samfylking Seltirninga hefur þegar lagt fram tillögu þess efnis að skipaður verði vinnuhópur til að vinna tillögur að nýju skipulagi varðandi flokkun sorps við heimili, fyrirtæki og stofnanir á Seltjarnarnesi, sorphirðu, og endurvinnslu og urðun/eyðingu. Skipulagið miði við að byggja undir markmið Staðardagskrár 21, íbúapings og Parísarsáttmálans, þar sem gengið er alla leið í flokkun úrgangs í sérstakar flokkurnartunnur. Jafnframt verði lögð fram ný gjaldskrá sem feli í sér hagræna hvata til flokkunar sem auðveldar ekki aðeins skref í flokkun heldur gerir flokkun að sjálfsagðri lífsvenju.

Til viðbótar viljum við að bæjaryfirvöld kalli eftir því á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga að tekið verði heildstætt á þessum málum á landsvísi, í takt við Parísarsáttmálann og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Karen María Jónsdóttir skipar 4. sætið á lista Samfylkingar Seltirninga

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opíð: 10-17  
alla virka daga

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMÍÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



## 7. og 6. flokkur kvenna á mótum fyrir norðan

Sjötti flokkur kvenna hélt til Sauðárkróks til að keppa á Landsbankamóti Tindastóls helgina 20.-21. júní. 16 stelpur skelltu sér á Krókinn en spilað var bæði laugardag og sunnudag.

Stelpurnar stóðu sig vel innan sem utan vallar og var góð stemning hjá hópnum. Stelpurnar í 7. flokki kvenna skelltu sér á Greifamótið á Akureyri sömu helgi. Fjögur lið fóru frá Gróttu, sem samanstóðu af 21 stelpu. Liðin stóðu sig öll með þrýði og til að mynda lenti Gróttu 1 í 2. sæti á mótinu. Það var mikið fjör hjá stúlkunum sem voru margar að fara á sitt fyrsta gistimót. Næst á dagskrá hjá flokkunum er Síamótið í júlí sem allir bíða spennir eftir.



## Fimmti flokkur kvenna á Þæjumóttinu

Fimmti flokkur kvenna tók þátt í TM-móttinu í Vestmannaeyjum, betur þekkt sem Þæjumótið. Gróttu tefldi fram fjórum liðum og var þetta því stærsti hópur frá félaginu hefur sent á mótið, en öll fjögur liðin átti góða spretti. Fyrir utan sjálfan fótboltann fór hópurinn í siglingu um Eyjarnar og tók þátt í hæfileikakeppni á fimmtudagskvöldið.

Á föstudeginum fór fram landsleikur þar sem hvert lið sendi einn fulltrúa en Jóna Guðrún Gylfadóttir spilaði fyrir hönd Gróttu. Ekki nóg með það heldur stýrði Magnús Örn Þjálfari landsliðinu, með Jónu innanborðs,

sem lék við pressuliðið. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli þar sem Jóna skoraði mark landsliðsins við mikinn fögnuð Gróttustelpnanna sem létu vel í sér heyra í stúkunni.

Allar 34 Gróttuþæjurnar voru félagi sínu til mikils sóma á Þæjumóttinu. Stemningin í hópnum var góð og framkoma og viðmót stelpnanna til fyrirmyndar. Mikill fjöldi foreldra fylgdi Gróttuliðunum til Vestmannaeyja og studdi vel við bakið á sínum stelpum. Nú taka við leikir í Íslandsmóttinu og í júlí tekur Gróttu svo þátt í Síamóttinu í Kópavogi - fjölmennasta fótboltamóti landsins.

## 7. flokkur karla á Norðurálsmóttinu og 6. flokkur karla á Orkumóttinu

35 drengir frá 7. flokki Gróttu héldu á Norðurálsmótið á Akranesi föstudaginn 21. júní. Spilað var í þrjá daga og gistu strákarnir á Akranesi yfir helgina. Gróttu var með sex lið á mótinu og vakti það athygli viðstaddra hversu góð



stemning var hjá liðunum enda voru strákarnir gríðarlega ánægðir með helgina! Næst á dagskrá hjá drengjunum er Arion banka mót Víkings sem haldið verður í ágúst.

Eldra ár 6. flokks karla tók þátt í Orkumóttinu í byrjun júlí. 19 hresir drengir í tveimur liðum ásamt þjálfurum og fjölskyldum héldu til Vestmannaeyja miðvikudaginn 3. júlí. Spilað var 90 mínútur af fótbolta á hverjum degi en mótið var til laugardags. Gróttu 1 lenti í 15. sæti á mótinu og var Alexander Rafn valinn í lið mótsins og Birgir Scheving valinn í landsliðið sem keppti gegn pressuliðinu. Gróttu 2 lenti í 3. sæti um Eldfellsbikarinn og fóru taplausir í gegnum síðasta daginn. Mikil ánægja var meðal drengjanna eftir mótið og þeir komu reynslunni ríkar heim. Næst á dagskrá hjá drengjunum er Króksmótið á Sauðárkróki í ágúst, en á því móti keppa bæði yngra og eldra ár flokksins.

## 3. flokkur kvenna komnar í 8-liða úrslit í bikarnum



3. flokkur kvenna gerði það gott á móti Breiðablik 23. júní s.l. þegar þær tóku á móti Blikum á Vivaldivellinum.

Gróttu/KR sigraði Blikana 2-1, en María Lovísa skoraði bæði mörkin í fyrri hálfleik. Blikum tókst að minnka muninn á 78 mínútu en flautað var til leiksloka nokkrum mínútum síðar og staðan því 2-1 fyrir Gróttu/KR. Stelpurnar eru því komnar áfram eru í 8-liða úrslit í bikarnum eftir glæsilegan sigur. Spilað verður í 8-liða úrslitum 23. júlí.

# 1X2

GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

## GÆTTU TUNGU ÞINNAR



Vilttur íslenskur aðalbláberjalatte



Möntruhringir/hálsmen/bönd



Tunguskafa er 2 x mikilvægari en tannbursti. Litir fyrir alla fjölskylduna



Beauty complex fyrir hár, húð og neglur



SPF - náttúruleg sólarvörn. Eykur þol og þrótt



Þar sem andinn býr í efni



Nailberry eru vegan. Án 12 skaðlegustu efnanna.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Kjartan Óskar Karitasarson, 17 ára nemandi við Kvennaskólann í Reykjavík. Kjartan er einn efnilegasti og besti kyfingurinn í Nesklúbbnum. Hann var tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness 2018 og valinn leikmaður ársins hjá NK 2018. Kjartan endi í 2. sæti í Meistaramóti Nesklúbbsins sem fór fram nýlega.

**Fullt nafn?** Kjartan Óskar Karitasarson.

**Fæðingard. og ár?** 17. júlí 2001.

**Starf?** Ég þjálf krakka á golfnámskeiðum NK og vinn einnig á Hamborgarabúllunni.

**Farartæki?** Tek oftast strætó í skólann annars er ég alltaf bara labbandi.

**Helstu kostir?** Hugulsamur og brosmildur.

**Eftirlætis matur?** Naut með bernaise og kók í gleri.

**Eftirlætis tónlist?** Það fer bara eftir því hvernig gir ég er í, fer stundum frá 70's rokki upp í techno á sömu mínúttunni.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Seve Ballesteros og Tiger Woods.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** The Office.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Ekki hugmynd, ég les ekkert mikið af bókum.

**Uppáhalds leikari?** Will Ferrell.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Step Brothers og Catch me if you can.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Hitta vini mína og kærustu, annars er



ég alltaf að æfa eða vinna.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Gardavatn, Ítalíu.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Hugulsemi, jákvæðni og brosmildi.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Will Ferrell, gæti ímyndað mér að eiga góða samræðu við þann meistara.

**Uppáhalds vefsíða?** Youtube

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Góðan mat, það er fátt sem toppar það.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?** Ég myndi ferðast um heiminn.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Stækka golfvöllinn.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Að gerast atvinnumaður í golfi.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég fór til Spánar með bestu vinum mínum en annars var ég bara að keppa.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Nesfréttir

Auglýsingasími: 511 1188

# AUGLÝSING UM TILLÖGU AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI Á SELTJARNARNESI



Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Seltjarnarnesi.

## **Byggarðar**

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti þann 12. júní 2019, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Byggarðasvæðis á Seltjarnarnesi. Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn 13. febrúar 2013 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 16. júlí 2013.

Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð og felur í sér skipulag á deiliskipulagssvæðinu og gert er ráð fyrir þremur húsagerðum, einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsum.

Breytingin felur í sér að minnka einingar, bæði hús og íbúðir. Hæðir húsa og nýtingarhlutfall verður í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Heimilt verður að byggja tveggja og þriggja hæða fjölbýlishús, eins eða tveggja hæða raðhús og eins eða tveggja hæða einbýlishús.

Tvær heitavatns borholur eru innan deiliskipulagssvæðisins, þær eru í fullri notkun. Þeim er útdeilt tilteknu helgunarsvæði og tryggt að unnt sé að athafna sig við rekstur holanna.

Tillagan liggur frammi á 1. hæð skrifstofu Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2, virka daga frá kl. 8:00 til 14:00, frá 21. júní til og með 7. ágúst 2019. Einnig má sjá tillöguna hér fyrir neðan ásamt greinargerð.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Þjónustuværs Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes, merkt b.t. byggingarfulltrúa, eða á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eigi síðar en 7. ágúst 2019. Vinsamlegast gefið upp netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

*Seltjarnarnesi, 21. júní 2019.*

*Skipulags- og byggingarfulltrúi á Seltjarnarnesi  
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi*



SELTJARNARNESBÆR